

Hvað skiptir mestu máli?

Markmiðið er að komast að sameiginlegri niðurstöðu með lýðræðislegri umræðu um hvað okkur finnst mikilvægast í lífinu, með sérstakri áherslu á neyslu, náttúru og samfélag.

Leikreglur:

Leið 1: „Velja á milli tveggja staðhæfinga“

1. Hver nemandi velur **tvær tölur** af lista staðhæfinga (án þess að vita hvaða fullyrðingar eru á bak við tölurnar).
2. Nemandinn sér síðan hvaða fullyrðingar tölurnar standa fyrir og **velur þá fullyrðingu sem honum finnst mikilvægari**.
3. Fullyrðingin sem er valin **heldur áfram í leiknum**, en **strikað er yfir** hina og fellur úr vali.
4. Næsti nemandi velur tvær tölur (má endurtaka tölu sem er enn í leiknum eða velja tvær nýjar) og fer eftir sama ferli.
5. Þetta heldur áfram þar til síðasti nemandi velur á milli tveggja fullyrðinga sem standa eftir. Þá hefur hópurinn sameiginlega komist að því **hvað er mikilvægast**.

Hér er einnig hægt að vinna með litla hópa 2-3 saman sem velja í sameiningu fullyrðingu sem hópurinn telur mikilvægari.

Leið 2: „Raða og rökstyðja“

1. Hópur (3-4 saman) velur eða fær úthlutað **5 fullyrðingar** af listanum.
2. Nemendur raða þessum fullyrðingum **eftir því hvað þeim finnst mikilvægt**.
3. Hópurinn rökstyður röðunina í sameiningu, t.d. af hverju ákveðin fullyrðing skiptir meira máli en önnur og hvernig hún tengist **neyslu, náttúru eða samfélagslegu réttlæti**.


Sem kveikja: „Hvort finnst mér mikilvægara“

Hver nemandi velur **tvær tölur** af lista staðhæfinga (án þess að vita hvaða fullyrðingar eru á bak við tölurnar). Kennarinn les fullyrðingarnar á bak við tölurnar og **nemandi velur þá fullyrðingu sem honum finnst mikilvægari**.

Kennarinn grípur tækifærin sem koma til þess að **skapa umræður um neyslu, samfélag og náttúru**.

Hvað skiptir mestu máli?

1. Að eiga föt sem endast lengi
2. Að geta keypt sér það nýjasta á markaðnum
3. Að búa í samfélagi sem hvetur til endurnýtingar
4. Að geta ferðast ódýrt með flugi hvenær sem er
5. Að borða mat sem ræktaður er á sjálfbæran hátt
6. Að geta pantað hvað sem er með einu klikki
7. Að eiga viðgerðarþjónustu nálægt sér
8. Að fá alltaf eitthvað nýtt í fataskápinn
9. Að eiga tíma til að njóta náttúrunnar
10. Að fá mörg „læk“ á samfélagsmiðlum
11. Að þau sem framleiða vörurnar séu á sanngjörnum launum
12. Að geta skipt út símanum sínum árlega
13. Að kaupa minna en vanda valið betur
14. Að hafa aðgang að hreinu lofti og vatni
15. Að geta keypt sér bíl til einkanota
16. Að geta notað almenningssamgöngur sem virka vel
17. Að taka þátt í samfélagi sem deilir og skiptir
18. Að eiga stórt hús og mikið af hlutum
19. Að búa í góðu samfélagi
20. Að hafa efni á nýjustu tækjunum
21. Að geta tekið þátt í viðgerðarverkstæði eða skiptimarkaði
22. Að kaupa aðeins það sem maður þarf
23. Að geta keypt sér flotta hluti þegar manni leiðist
24. Að verja tíma með fjölskyldu og vinum
25. Að eiga nóg af peningum til að kaupa hvað sem er

- 
26. Að hugsa um hvernig neysla mín hefur áhrif á aðra
 27. Að lifa í samfélagi þar sem rusl er lágmarkað
 28. Að geta hent hlutum þegar þeir bila
 29. Að sjá fegurð í einfaldleikanum
 30. Að vera stoltur af því sem maður á og nota það vel
 31. Að vera meðvituð/aður neytandi
 32. Að geta alltaf fengið nýjan hlut í staðinn fyrir að gera við
 33. Að neyta minna til að verja náttúruna
 34. Að búa í samfélagi sem setur umhverfið í forgang
 35. Að fá ný föt fyrir hverja árstíð
 36. Að eiga hlut sem hefur sögu og gildi
 37. Að lifa þannig að næstu kynslóðir hafi sömu tækifæri
 38. Að geta tekið þátt í verkefni sem bætir samfélagið
 39. Að fá afslátt á öllu sem maður vill kaupa
 40. Að læra að gera hlutina sjálfur
 41. Að hafa aðgang að vistvænum valkostum í búðum
 42. Að fá nýjustu tækniuppfærsluna strax
 43. Að læra að meta það sem maður á
 44. Að kaupa gjafir sem hafa raunverulega merkingu
 45. Að hafa efni á að kaupa án þess að hugsa
 46. Að deila frekar en að eiga
 47. Að eiga sem minnst og lifa sem mest
 48. Að hafa áhrif á neyslumenningu með vali sínu
 49. Að búa í hringrásarhagkerfi þar sem ekkert fer til spillis
 50. Að lifa nægjusömu, vistvænu og hamingjusömu lífi